

Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2006

Samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblaði vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, **eftir atvikum**, skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2006. Eyðublöðin má sækja á upplýsingavef ríkisskattstjóra og á starfsstöðvar skattstjóra og ríkisskattstjóra. Unnt er að skila RSK 10.25 með rafrænum framtalsskilum.

1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2005 að þeir beri virðisaukaskattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald.

Ef talið er fram til tekjuskatts og eignarskatts á forminu „Skattframtal rekstraraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn innifalinn í því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt virðisaukaskattsnúmer. Að öðrum kosti skal útfyllt „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) fyrir hvert vsk-númer og henni skilað með skattframtali 2006, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

Bændur sem skila „Landbúnaðarskýrslu“ (RSK 4.08), þurfa ekki að skila samanburðarskýrslunni þar sem umræddur samanburður er innifalinn í því formi.

Einstaklingar sem skila „Rekstrarskýrslu“ (RSK 4.11) með skattframtali sínu verða jafnframt að fylla út og skila „Samanburðarskýrslunni“ (RSK 10.25).

2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi við framangreindan samanburð fram mismunur skal leiðréttingu komið á framfæri með „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Þó skulu þeir sem hafa styttri uppgjörstímabil en tvo mánuði nota á skýrsluformið RSK 10.10.

Feli niðurstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal skýrslunni ásamt greiðslu þegar í stað skilað til innheimtumanns ríkissjóðs.

Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað til skattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2006.

3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2005 fyrir tveggja mánaða skil, júlí-des. 2005 fyrir sex mánaða skil eða jan.-des. 2005 fyrir ársskil. Afstemmingarblaði skal skila til skattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2006.

ALLT UM
rafræn skil
á rsk.is/vefskil

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá þjónustusviði RSK, sími 563-1100 og skattstjórum um land allt.

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA